



LJÓS FRELSIS, LÍF ÞJÓÐAR

Fimm myndlistarsýningar hafa verið settar upp hér í Reykjavík í til efni listahátíðar. Að Kjarvalsstöðum er yfirlitssýning íslenskrarmyndlistar í 1100 ár, í Listasafni Íslands eru verk Nínu Tryggvadóttur, í Galleri Súm og Ásmundarsal er sýning á íslenskri alþýðulífi og í Norræna húsinu er myndvefnaður frá Norðurlöndunum. Auk þess hafa fimm nemendur í frjálsri myndlist við Myndlist- og handiðaskólann opn- að sýningu í Ásmundarsal á umhverfisverki sem þau hafa unnið í sameiningu.

En eina sýningu vantar. Úti- sýningin sem hingað til hefur verið á Skólavörðuholti, átti nú að vera í Austurstræti, en framkvæmdir þar hafa ekki staðist áætlun, og þess vegna verðum við af þeirri sýningunni sem verið hefur eitt vinsælasta og skemmtilegasta framlagið til hátíðarinnar.


Það verður samt töluvert að gera hjá þeim sem sjá vilja allar myndlistarsýningarnar á listahátíð, því sumar eru þær alþýðulífsmyndir, sérstaklega þó 1100 ára sýningin. Það er bót í máli að nú verða sumar sýningarnar opnar mun lengur en á síðustu listahátíð.

Arangur og tilkostnaður

Samt hlýtur sú spurning að vakna, hvort það borgi sig að þjappa svona mörgum, stórum sýningum inn á jafn skamman tíma, einkum ef haft er í huga að hér gildir ekki sú röksemd að ill- mögulegt sé að fá hingað listamenn nema á sumrin. Erlendar sýningar, og þá auðvitað líka inn- lendar, er hægt að setja upp á hvaða tíma árs sem er, ef vilji er fyrir hendi.

Þrátt fyrir þokkalega aðsókn að myndlistarsýningum listahátíðar, held ég að þær fari að miklu leyti fram hjá einum og mjög stórum hópi, en það eru börn og unglingar. Þetta er mjög miður, því íslenska skólakerfið hefur aldrei hirt um að taka myndlistarfræðslu inn í starfsemi sína. Samt hefur það komið fyrir að skólar hér á höfuðborgarsvæðinu — aðrir eiga þess varla kost — hafi farið með nemendur sína á myndlistarsýningar. Að visu hafa þessar ferðir ekki verið nægilega vel undirbúnar og skipulagðar, en þetta hefur þó verið hænuft í áttina.

Sýningar listahátíðar geta skólarnir ekki hagnýtt sér, og það er frekar lítið um að foreldrar komi með börn sín á sýningar, nema þá helst ung börn. Það kostar líka skilninginn fyrir t.d. fjög- urra manna fjölskyldu að fara á nokkrar myndlistarsýningar, hljótleika og leiksýningar. Fæstir hafa efni á að slá út þessum



Maria Adlercreutz: Í augum hennar býr ljós þjóðarinnar.



Irma Kukkasjärvi

peningum í einu, jafnvel þótt þeim væri það kleift, ef slíkur ferðum væri dreift á allt árið. Meðal annars af þessum ástæðum er varhugavert að ætla að- göngumidasölu að standa undir stórum hluta kostnaðarinnar af þessari listahátíð. Gert er ráð fyrir að selja miða fyrir u.þ.b. 10 milljónir, en framlag ríkis og borgar sameiginlega nemi um 7 milljónum.

Rýnt í heiminn

Í framhaldi af þessum almennu hugleiðingum um listahátíðina, langar mig til að gera hér eina sýninguna að umtalsefni, en það er myndvefnaðarsýningin í Norræna húsinu. Sýningu þessari var komið upp með styrk frá Norræna menningarmálasjóðnum, sem styrkir einnig fleiri atriði hátíðarinnar. Þeir sem betur þekkja til en ég segja mér, að koma hefði mátt upp mun sterkari vefnaðarsýningu frá Norðurlöndunum, og það er rétt að buast mátti við kröftugra framlagi á þessu sviði. En einnig geldur sýningin þess að ekki hefur nógu vel verið til upphengingarinnar vandað.

Átta vefnarar taka þátt í sýningu

unni, fjórir Íslendingar og síðan einn frá hverju landi, Noregi, Sví- þjóð, Danmörku og Finnlandi. Mér finnst þær Maria Adlercreutz og Irma Kukkasjärvi eftirtektar- verðastar á sýningunni.

Maria er Sví, og á þarna þrjú teppi. Það minnsta, „Rýnt í stein- inn“, kallar hún rannsókn, en þar nefur hún form og litabrigði litill- ar steinvölu, og er mjög skemmtilegt að fá að sjá sjálfa fyrirmyndina á sýningunni. Hin teppin tvö, sem eru nokkuð stærri, tel ég vera eitthvað það besta á sýningunni. Þar notar hún blaðaljósmyndir að fyrirmynd.



Barbara Arnason

Það er skrytið til þess að hugsa, að einhver leggi út í jafntímafrekt verk og að vefa stórt teppi eftir augnabliksmýnd úr dagblaði. Þessar ljósmyndir fljóta fram hjá okkur í stríðum straumum og við náum varla að veita þeim athygli, því magnið er svo mikið. En Maria er ekki bara að vefa teppi eftir fyrirmynd, hún gefur verki sínu nýtt gildi með framsetningu- unni og með því að setja það í pólitískt samhengi.

Annað teppið heitir „Í augum hennar býr ljós þjóðarinnar“.

Myndfletinum er skipt í tvennt, annars vegar andlitsmynd af Le Thi Rieng, félagi í miðstjórn Þjóðfrelsisfylkingarinnar í Suð- ur-Vietnam, en hana limlestu og drápu útsendarar Saigon stjórnarinnar árið 1968. Hins veg- ar í fletinum er svo hópur Viet- nama sem smalað hefur verið saman til aftöku. Í heild tjáir þetta verk þær skelfingar sem þessi þjóð hefur orðið að þola og um leið það ljós frelsis sem jafn- vel ekki herafli einnar völdugustu þjóðar heims fær slökkt.



LISTAHÁTÍÐ

effir Elisabetu
Gunnarsdóttur

Hitt teppið á líka rætur sínar að rekja til Vietnamstríðsins. Þar er gangur styrjaldarinnar rakinn í fjórum myndum: fyrst William Westmoreland yfirmaður herafla Bandaríkjanna í Vietnam að leggja á ráðin, næst er hermaður kominn af stað að sinna störfum sínum, þá skelfing fórnarlamb- anna og loks er mynd af Che Guevara sem er tákn þeirrar von- ar og vissu þjóðarinnar að hún muni að lokum vinna sigur á kú- urum sínum.

Athuganir á efni

Irma Kukkasjärvi frá Finn- landi sýnir þrjú teppi. Hún er al- ger andstæða Mariu Adlercreutz, og myndir hennar skera sig úr á sýningunni, að nokkru leyti vegna þess hve stórar þær eru, en frem- ur vegna efnismeðferðarinnar og formanna sem eru stór og hrein Irma flytur ekki boðskap í mynd- um sínum, heldur eru þetta formalistískar efnisathuganir. Öll eru teppin ofin úr glertrefjum, sem gefa þeim sérstæða áferð.

Eitt þeirra, Rökkur, sem er fjögurra metra langt, er raunar

glertrefjaræmur á máluðum grunni. Jafnvel notar hún vefinn þannig að teppið ris frá veggnum og verður relíf. Þetta á sérstak- lega við um myndina Jökull, sem mér finnst eitt fallegasta verk sýningarinnar. Verki þessu er erfitt að lýsa, og því verður hér sem oftast að sjón er sögu ríkari. Svona vefnaður er líka nýnæmi hér á landi, og er því frekar ástæða til að láta eigin raun ráða.

Fulltrúi Dana er Nanna Her- toft. Hún sýnir fjögur teppi, ágæt- lega áferðarfallag og snotur, en heldur bragðdauf, sérstaklega ef borð er saman við það sem á undan er komið. Norðmaðurinn Synnøve Anker er líkast til kunn- ust þátttakenda á þessari sýn- ingu. Hún hefur sýnt víða, en er nú sem stendur að vinna að teppi sem Norðmenn ætla að gefa Ís- lendingum í tilefni 1100 ára af- mælisins og setja á upp í vantan- legri Þjóðarbókhöllu, hvenær sem sú bygging kemst nú í gagn- ið. Teppi Synnøve eru traust og faguð, efnismeðferð fjölbreytt og efnid notað af mikilli þekkingu og langri reynslu.

Íslensku þátttakendurnir eru fjórir, þær Asgerður Búadóttir, Barbara Arnason, Hildur Hákon- ardóttir og Vigdís Kristjánsdóttir. Allar eru þessar konur kunnar hér og því óþarfi að fara um þær mörgum orðum. Segja má að þær séu fulltrúar þriggja kynslóða ís- lenskra vefara, en þeir mynd- listarmenn sem helgað hafa sig vefnaði eru ekki margir hér á landi. M.a. af þeim sökum eru myndvefnaðarsýningar fátíð- ar hér, en einnig kemur þar til að vefnaður er mjög tímafrek list- grein, því eftir að búið er að ákveða form og alla gerð myndarinnar getur það tekið maga mánuði að vinna sjálft verkið. Vefarar halda því varla einkasýningar á eins til tveggja ára fresti eins og t.d. málurar geta gert.

Sýning þessi mun ekki standa yfir nema til 21. þ.m. og því ekki nema örfáir dagar eftir fyrir þá sem nota vilja þetta sjaldgæfa tækifæri til að kynna norrænum vefnaði.



Synnøve Anker Aurdal